

Sp.

729. Breytingartillögur

[127. mál]

við till. til þál. um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JS, BÍG, SteinG og HBl).

1. Við 2. tl. Orðin „á næstu 15 árum“ verði: á næstu 12—15 árum.
2. Við 3. tl. Liðurinn orðist svo:
við uppbyggingu stóriðju verði kannaðir hugsanlegir möguleikar á samvinnu og samstarfi við innlend og erlend fyrirtæki, sérstaklega á sviði tækni og markaðsmála. Í þeim tilvikum, þar sem erlend eignaraðild kemur til álita, verði að því stefnt, að innlendir aðilar geti, er stundir líða, keypt hlut hinna erlendu aðila.
3. Við 6. tl. Liðurinn orðist svo:
stóriðjunefnd er heimilt að leita samstarfs við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar, sem hún óskar.
4. Við 7. tl. Liðurinn falli brott og tölusetning síðari liða breytist í samræmi við það.